

# HELMIR

V. árgangur

WINNIPEG, 1909.

11. blað.

## LAND EÐA SKÝ?



*FIR* breiðum aldase  
undir þeirra skjablæ,  
út við sálar sjónkrings rönd,  
sýnist móta fyrir strönd.

*Efinn spyr: Hvort er þar land,  
eða bara þokuband?  
Mun þar eigi opið haf —  
alls hins dauða skugga-vaf?*

*Ekkert svar og ekkert hljóð,  
ekki nokkurs vita glóð.  
Allrar vizku spurn og spá  
sprungnar öldur hafi á.*

*K.R.*

*S.T.*

## RANNSÓKN OG LÍFSSKOÐANIR.

Eftir

GUÐMUND ÁRNASON.



[Niðurlag].



RANNSÓKN miklu uppgötvanir, sem gerðar voru í stjörnufræði og eðlisfræði á 16. og 17. öldinni, gjörbreyttu þekkingu manna á heiminum. Fyr eða síðar hlaut þessi afar mikilsverða breyting að koma fram í lífskoðunum. Hin fyrstu áhrif þeirra sjást í heimspeki 17. aldarinnar. Hin stórkostlegu heimspekisskoðanakerfi, sem þá voru samin, sýna, að menn voru komnir út úr hinum þrönga heimi fyrri alda. En skoðanir manna eins og Descartes og Spinoza, og annara heimspekinga, voru of erviðar viðfangs fyrir flesta; áhrif þeirra á lífsskoðanir manna yfirleitt voru ekki eins þýðingarmikil og skoðanirnar voru í sjálfu sér, enda eru það kenningar vísindanna, en ekki heimspekinnar, sem beinust áhrif hafa á hugsunarhátt almennings. Í skynsemistrúarstefnu 18. aldarinnar með öllum þeim afleiðingum, sem hún hafði í för með sér í félagslífi manna, sjáum vér áhrif rannsóknarinnar á lífsskoðanirnar betur en nokkurstaðar annarstaðar. Skynsemistrúarstefna þessi útbreiddist frá Frakklandi, og hún flutti með sér nýjar lífsskoðanir um allan heim. Hugmyndin um hinn náttúrlega rétt og frelsi mannsins var ávöxtur hennar, og fáar hugmyndir hafa gæntekið sálir manna og gefið þeim þrek til að berjast gegn kúgun og órétti eins og sú hugmynd. Marnúðarleysi og þrældómsástand miðaldanna byrjar að hverfa, þegar að skoðunin um mannréttindi kemur í stað hinnar viðteknu skoðunar, að öll réttindi tilheyrðu hinum hærra stéttum, og að alþýðan ætti að vera þeim undirgefin. Áhrifin á trúarskoðanirnar voru jafn heillaríkar og áhrifin á stjórnaarsarslegu skoðanirnar. —Þó að margar af skoðunum skynsemistrúarmannanna trúarbrögðunum viðvíkjandi væru rangar, var samt aðalstefna þeirra alveg rétt—að trúarskoðanir svo sem alt annað ættu að leggjast

undir dóm heilbrigðrar skynsemi. Afstaða þeirra gagnvart rétt-trúnaði kyrkjunnar var sú, að ef rétt-trúnaðurinn þykdi ekki að vera skoðaður í ljósi vísindalegrar þekkingar, þá yrði hann að hverfa úr sögunni, og öll reynsla sýnir, að það á sér stað, hvar sem trúarbrögð og vísindi koma í mótsögn. Að undanteknu almennt auknu frjálshyndi í trúarskoðunum, og umburðarlyndi, sem er bein afleiðing þessarar skynsemistrúarstefnu, má benda á biblíurannsóknina og samanburðartrúfræðina, báðar vísindalegar fræðigreinar, sem fyrst byrja eftir að stefna 18. aldarinnar var búin að jafna veginn. En þrátt fyrir alt það góða, sem þessi stefna hafði í för með sér, verður því ekki neitað, að hún var að sumu leyti þröngsýn og skammsýn. Hún hafði rannsókn og þekkingu síns tíma að grundvelli, og þeirri þekkingu var yfirleitt þannig varið, að eingöngu hin vitsmunalega hlið sálarlífs mannsins var tekin til greina.

Nítjándi öldin hefir sérstaklega verið nefnd öld vísindalegra rannsókna. Margar af þeim vísindaskoðunum, sem á henni hafa aukið þekkingu vora á heiminum og lífinu, hafa haft hina mestu þýðingu fyrir allar lífsskoðanir vorar, en engin þó eins og breytiþróunarkenningin, sem kend er við Darwin. Að lýsa þýðingu hennar og áhrifum hér, yrði of langt mál. Hún hefir ekki einungis breytt skoðuninni um sérstakan uppruna mannsins í skoðun um sameiginlegan uppruna hans og alls lífs, sem kastar nýju ljósi á allan hans liðna æfiferil, heldur einnig vakið eftirtekt manna á framþróun hins andlega lífs, á þroskun allra hugmynda mannsins af einu stigi á annað, á fullkomnun hins siðferðislega lífs í gegnum reynslu kynslóðanna. Breytiþróunarkenningin er afleiðing af rannsókn lífsins sjálfs, frá líkamlegu sjónarmiði skoðað. Þeirri rannsókn er ekki lokið, heldur er starfað að henni af miklu kappi nú um allan hinn mentaða heim, og vér megum búast við, að hún eigi eftir að leiða margan sannleika í ljós, sem hafi mikla þýðingu fyrir lífsskoðanir vorar.

Ein tegund af rannsókn hefir samt meiri þýðingu en allar aðrar, þegar um lífsskoðanir er að ræða, vegna þess, að hún hjálpar oss til að skilja eðli þeirra betur en nokkur önnur, það

er rannsókn sálarfræðinnar. Það er ekki hlutverk þeirrar rannsóknar sérstaklega, að meta gildi skoðananna á einn eða annan hátt, heldur að sýna, hvers vegna þær eru, hvernig á því stendur, að menn mynda sér skoðanir og reida sig á gildi þeirra, eith lengi og þeir geta. Sú spurning sálarfræðinnar, hvað mannsálin sé, kemur hér ekki til greina. Hverja hinna allmörgu hugmynda um eðli sálarlífsins sjálfs sem vér aðhyllumst, þá er það sannreynd vor allra, að menn yfirleitt hafa sálarlíf, — þeir hafa skynjun, þeir hugsa og draga ályktanir, og fjölbreyttar tilfinningar hreyfa sér í meðvitund þeirra. Það er oft sagt að maðurinn verði að mynda sér lífsskoðanir og trú vegna þess, að hann sé hugsandi vera, en það er alveg sama og að segja, að hann myndi sér lífsskoðanir og trú. Það er að vísu hugsanlegt, að maðurinn gæti verið til án nokkurra lífsskoðana og trúar, en sannleikurinn er, að á engu tímabili hefir maðurinn í raun og veru verið án þeirra. Hinum beztu fræðimönnum ber ekki saman um, hverskonar skoðanir maðurinn hafi fyrst haft um lífstilveru sína og samband sitt við sinn ytri heim. Í sjálfu sér er ekki mjög þýðingarmikið hverjar þessar skoðanir voru, hvort þær voru trú á eina lífandi heild, sem maðurinn sjálfur var einn hluti af eða trú á sérstök öfl, sem höfðu aðsetur sitt í vissum hlutum, eða trú á eitthvað annað. Það, sem frá sálarfræðislegu sjónarmiði skoðað kemur í ljós í öllum elztu hugmyndum um eðli lífsins sjálfs og tilverunnar yfir höfuð, er það, að maðurinn greinir sjálfan sig frá umheiminum þannig, að hann setur hann gagnvart sér, og jafnframt leitar að einhverjum tilgangi í umheimi sínum, sem hann setur í samband við sinn lífstilgang, hver sem hann kann að vera. Sjálfsmeðvitundin, meðvitundin sem hver maður, jafnvel sá, sem lægst stendur að andlegu atgjörvi, hefir, aðskilur hvern einstakling frá öllu öðru, sem kringum hann er. En þó eru samböndin á milli hans og þeirra hluta, sem í kringum hann eru, bæði lífandi og dauðra, svo mörg, að hans *EG* er í raun og veru óaðskiljanlegt frá þeim. Af þessu leiðir, að maðurinn verður að setja sjálfan sig í þannig lagað samband við hlutina, sem umkringja hann, að líf hans sé í einhverju samræmi við þá. Geri hann það ekki, er einstaklings-

tilveru hans óðara hætta búin. Þannig t. d. ef hann hlýðir ekki lögum náttúrunnar, hefir það fyr eða síðar eyðileggingu fyrir sjálfan hann í för með sér, sem sá, er lifir í samræmi við náttúrulegin, er ekki undirorpinn. Reynsla hins óupplýsta manns færir honum heim sanninn um þetta, þótt hann viti ekkert um eðli neinna náttúrulega frá vísindalegu sjónarmiði. Þessi nauðsyn mannsins, að lifa í samræmi við hina ytri tilveru, og jafnframt meðvitundin um það, að eitthvað í hans persónulegu tilveru aðskilur hann frá öllum öðrum hlutum, leiðir til einhverra lífsskoðana. Nú liggur það í eðli sjálfsmeðvitundarinnar, að hinn ytri heimur verður að skoðast sem einhverskonar heild frá þess sjónarmiði, sem sjálfsmeðvitundina hefir. *Eg og ekki eg* eru tvær andstæður, sem í sálarfræðislegum skilningi verða aldrei svo sameinaðar, að hver um sig hætti að vera til. Hvert *eg*, nefnilega hver maður með sjálfsmeðvitund, setur sér einhvern tilgang í heiminum, hann er til til einhvers. Það má vel vera, að tilgangurinn sé enginn annar en sá, að afla sér lífsviðurværis, en það er engu síður tilgangur, þegar að það er skynsemi gædd vera, sem lífsviðurværisins aflar. Hvað er þá náttúrulegra, en að hugsandi vera, sem sjálf hefir tilgang, reyni að finna einhvern tilgang einnig í öllu því, sem hún aðskilur frá sér, nefnilega í sínum ytra heimi? Sálarfræðislega skilið er það mjög eðlilegt, og þegar það hefir verið gert, er í raun og veru bæði lífsskoðun og heimsskoðun fengin. Eðlilega fara skoðanirnar sjálfar eftir því, á hvaða andlegu þroskastigi maðurinn stendur. Hjá einum manni er allur tilgangur lífsins sá, að afla sér fæðu, og tilgangur allrar tilverunnar því sá, að framleiða fæðu handa honum. Hjá öðrum er tilgangurinn sá, að sameina mennina í fegurra og fullkomnara samfélag, en á sér stað, og hann sér fyrirmynd þess samfélags í öllum heiminum. Að sameina tilgang síns lífs og lífs annara einhverjum allsherjartilgangi, liggur til grundvallar fyrir trúarhugmyndum og lífsskoðunum mannsins, ekki einungis á hans lægstu stigum heldur einnig á hinum hæstu.

Það má segja, að sálarfræðin leiði ótal margar aðrar hvatir til lífsskoðana í ljós, en vér getum skoðað þetta sem fyrstu og

aðalhvötina. Hún er afleiðing þeirrar sannreyndar, að maðurinn hefir sjálfsmeðvitund. Það er sjálfsmeðvitundin, sem gerir manninum ómögulegt að sætta sig við þá hugsun, að heimurinn, sem hann lifir í, hafi engan tilgang. Þessi tilgangur getur verið skynsamlegur eða ekki; hann er, maðurinn trúir á hann, og það er honum nóg. Vér sjáum þennan grundvöll í öllum lífsskoðunum, og öllum trúarbrögðum. Á honum byggist hin auðvirdilegasta tilbeiðsla og hin göfugasta lífshugsjón, sem til er, hin þrengsta og ofstækisfylsta trú og hin skynsamlegasta heimsskoðun.

Án sálarfræðislegra athugana á trúarbrögðum og hugmyndum manna yfirleitt væri þessi sálarfræðislegi sannleikur ennþá óþekktur. En hvað kennir hann svo um gildi lífsskoðananna? Hann kennir ekkert um sannleiksgildi þeirra. Það gildi verður að metast á annan mælikvarða, á mælikvarða þekkingarinnar, hvort sem mönnum líkar það vel eða illa. En hann kennir oss mikið um annað gildi. Lífsskoðanirnar, trúin, eða hvaða orð, sem menn vilja nota, eru, þegar á alt er litið, hið mikilsverðasta í lífinu. Mannlífið með öllu því, sem því tilheyrir, er samsteypa ótal margra lífsskoðana. Það eru lífsskoðanir einstaklingsins, sem aðrir menn reka sig fyrst á, vegna þess að þær eru það, sem hann sjálfrátt eða ósjálfrátt sniður framferði sitt eftir. Lífsskoðanalaus maður er verkfæri í allra höndum, hann er viljalaus maður. Lífsskoðanirnar eru hið mikilsverðasta vegna þess, að þær gefa einstaklingslífinu einhverja stefnu, gefa því tilgang, sem að vísu getur komið fram í ótal myndum, en er ákveðinn tilgangur þrátt fyrir það. Þetta gildi hafa lífsskoðanirnar haft fyrir mennina og hafa ennþá. Er hvaða lífsskoðanir? Allar. Allar lífsskoðanir, sem einhverjum mönnum eru alvörumál, hafa þetta gildi fyrir þá. Hvort sem þær snerta aðeins samband einstaklingslífsins við líf annara einstaklinga, eða eru í viðtækasta skilningi heimsskoðanir, hvort sem þær eru trú án allrar vissu, eða rökfræðislegar ályktanir dregnar af vísindalegum sannreyndum, þá hafa þær allar þetta gildi, þegar þeir, sem þær hafa, vilja kannast við þær sem snar verulegu lífsskoðanir. — Þetta gildi, mikilsvirði eins og það er, er ekki einhlítt. Menn

vilja altaf fá að vita um sannleiksgildi allra skoðana. Þar mætast rannsókn og lífsskoðanir. Er skoðunin sönn? spyrja menn, þegar einhverju er haldið fram. En þegar til svárs kemur, ber mönnum ekki saman um, hvað sé satt og hvað sé ekki satt, ber einu sinni ekki saman um, hvað sannleikurinn í sjálfu sér sé. — En hvernig sem um sannindi skoðananna er deilt, sýnir öll saga mannkynsins, að engin skoðun hefir verið til, sem hefir haft eilíft og óumbreytanlegt sannleiksgildi. Vér þekkjum aðeins sannleiksbrot, ef vér þekktum óumbreytanlegan sannleika, væri öll vor reynsla af heiminum alt önnur en hún er. Með þessi sannleiksbrot verðum vér að láta oss nægja. Þessi sannleiksbrot eru fyrst og fremst þekking vor og í öðru lagi þær skoðanir, sem vér getum myndað oss í samræmi við þekkinguna. Þetta hvorttveggja getur breytt og breytist, en samræmið verður að haldast, hverfi það, verðum vér þess varir, að ósannindi hafa skapast; ósamræmið er ósannindi. Hafi maðurinn byrjað að mynda sér lífsskoðanir, þannig, að hann gerði sína reynslu að alheimsreynslu, sinn tilgang að alheimstilgangi, svo langt sem heimur hans náði, þá eru reynslusannindin hið fyrsta, sem hann gekk út frá. Tilgangur rannsóknarinnar er sá, að gefa oss ný reynslusannindi, altaf að bæta við það, sem vér vitum. Og ennþá bætum vér við reynslusannindin hugmyndunum um hið óþekkta, skoðunum um tilgang og eðli allra hluta sem einnar tilveru. Þær eru ekki eins jarðbundnar nú og á dögum forfeðra vorra, en altaf er þó eitthvað í þeim af tilfinningum vorum, vonum og þrám. Ef það væri ekki, þá væru þær alveg sama og þekkingaratriðin, sem þær eiga að fullkomna, svo að heilt yfirlit af einhverri tegund fáist. Þegar rannsóknin breytir vissunni, verða óvissuskoðanirnar líka að breytast. Og hvers vegna ættu þær ekki að breytast? Hvers vegna ættu mennirnir að hafa vanist nokkrum skoðunum svo, að þeir gætu ekki skilið þær við sig og tekið aðrar, þegar þörf krefur? Ekkert nema misskilningur á því, hvað skoðanir mannanna í raun og veru eru, og afturhald, byggt á þröngsýni, getur sagt, að menn ættu að hafa nokkrar þær skoðanir, sem hafa misst sannleiksgildi sitt, sem eru í ósamræmi við það, er rannsókn og þekking kenna

að sé satt. Rannsóknin eyðileggur margar lífsskoðanir, en hún gefur um leið efni í nýjar lífsskoðanir. Og þær nýju lífsskoðanir, sem hún leggur til efni í, eru betri en þær gömlu voru vegna þess, að þær eru ávöxtur af auknu andlegu starfi mannsins að einhverju leyti, þær standa skör hærra í hinni andlegu framþróun hans. Lífsskoðanirnar, sem rannsóknin eyðileggur ekki, sem eru í samræmi við alla þekkingu, geta mennirnir haft, og enginn getur sagt, að þær séu rangar, hvað sem aldri þeirra líður. Sannleiksgildi lífsskoðananna verður þekkingin að ákveða; að öðru leyti er ekki hægt að ákveða það. En annað gildi þeirra fer eftir því, hvaða þýðingu þær hafa fyrir þá, sem hafa þær, og hina, sem standa í mannfélagslegu sambandi við þá. Þegar þessi tvö gildi eru hvorugt öðru andstæð, þegar annað gerir hitt fyllra af sinni sönnu þýðingu og lætur það betur ná tilgangi sínum í sálarlífi mannanna, þá eru rannsókn og lífsskoðanir í samræmi, þá myndast í hugum mannanna sú vaxandi heild rétts skilnings og skynsamlegra hugmynda, sem öllu heilbrigðu sálarlífi er eiginleg, og sem gerir lífið sjálf að framþróunarskeiði, ekki einungis hinna ytri lífsmýnda heldur einnig hverrar mannssálar. Og hver mundi ekki vilja gera það að einhverjum hluta lífstilgangs síns að minnsta kosti? — — —



## SKÁLKASKJÓLIÐ.


— ● —

Eg veit að sönnu, að hann átti  
 sér annmarkana göfugs manns.  
 Hann var þó svanur sinnar tíðar  
 og sveitarbót og gull síns lands—  
 En ósæmd sína af sér þurkar  
 hver augoðinn á minning hans.

*Stephán G. Stephánsson.*



## Algernon Charles Swinburne.



Algernon Charles Swinburne

Ætt Swinburnes er mér ómögulegt að rekja, og er það þó tízka þegar getið er merkra manna. Eg hefi einhverstaðar lesið það, að uppruni ættar hans sé skandinaviskur, og að nafnið Swinburne sé sama og Sveinbjörn, en þeir um það ættfræðingarnir.

Eg hefi viljað verða við til-mælum ritstjóra „Heimis“, að skrifa fáein fylgiorð með þessari mynd af enska skáldinu Swinburne, sem nú er nýlega dáinn.

Það er venja allra frjálslýndra blaða, sem unna fram-sóknarstefnunni, að minnast þeirra manna, sem á einn eða annan hátt eru, eða hafa verið, vegryðjendur hennar. Og einn af þeim var ið áminsta skáld.

Swinburne var eitt ið allra-sérkennilegasta skáld, sem Eng-landingar hafa átt, og talinn mestur snillingur í rímlist og feg-urð máls.

Sagt er að hann hafi orðin fyrir áhrifum grískra skálda. En skyldi hann hafa verið alveg ókunnugur íslenzkri ljóðagjörð?

Hann var aldavinur William Morris, og Morris var vel kunnugur íslenzkum bókmentum.

Ljóð Swinburnes eru rómantisk-symbolísk. Þau eru flest þungskilin, einlægur vefur af ólíkum efnum, mörg löng, auðug af skáldlegu andríki, fögur að formi og full af eldi og umbrotum.

Það er sagt að frægðin sé lengi á leiðinni til ensku skáld-

anna, síðan höfundur „Childe Harold“ vaknaði við það einn sólskinsmorgun að hann var orðinn stórfregur.

Þá var það, sem kveldsólargeislar Scotts og vörnátatunglskin Wordsworths depraðist svo að þess gætti varla, þegar in völduga nýja halastjarna kom í ljós, segir H. C. Stoddard.

Þegar Atalanta in Calydon, dramatist kvæði eftir Swinburne, ort út af grískri goðsögn, kom fyrst út, rann upp stór og fögur stjarna. Þetta kvæði var alt öðruvísi, en ljóð þau, er menn höfðu áður lesið. Hver lína var eins og syngjandi strengur, óteljandi hljómar, sem vöfðust hver að öðrum, og mynduðu svo aðdánlega fagurt samræmi og fullkomna heild. Hér var um eitthvað nýtt að ræða.

Og svo var málið. Menn gátu varla áttað sig á því, að slíki fegurð væri unt að ná úr enskri tungu.

Alt var nýtt. Ný orð, ný setningaskipan, nýjar hugmyndir og nýir bragarhættir.

Þetta kvæði gerði höfundinn strax frægan, og var kvæðinu mjög hrósað.

Það er sagt, að Tennyson hafi átt að segja í bréfi til Swinburnes: „Eg öfunda þig Swinburne, því þú nærð söngtónum úr hverju sem þér lizt.“

En lofið og aðdánunin stóð ekki lengi.

Þegar Swinburnes „Poems and Ballads“ var gefin út, kom annað hljóð í strokkinn.

Sú bók þótti í mesta máta svívirðileg og hreint og beint ógudleg. Og þess utan var það fyllilega gefið í skyn, að sum kvæðin væru stolin.

Flestir af þessum dómurum voru, eins og vænta mátti, kyrkjunnar menn, því þeim fannst ómjúklega komið við kaun þeirra. Létu þeir skömmunum rigna yfir höfundinn, lygum og fjarstæðum.

En af því öllum var ekki sama, hverju logið var og hvað var ranghermt og hártogað, komu aðrir til skjalanna, og tóku þeir menn snarplega á móti.

Hófst svo upp úr þessu ein hin mesta deila, sem nokkurn tíma hefir risið á Englandi útaf nokkurri ljóðabók. Og hefir Swinburne aldrei síðan fundið náð í augum kyrkjulýðsins.

Gegnum kvæði þessa skálds gengur sterkur og ákvedinna byltingarandi, óvæginn og orðhvass.

“We have done with the kisses that sting,  
The thieves mouth red from the feast,  
The blood on the hands of the king,  
The lie at the lips of the priest.

When the Devil's riddle is mastered,  
And the gally-bench creaks with a Pope,  
We shall see Bonaparte the bastard  
Kick heels with his throat in a rope.”

Fleira mætti benda á, sem sýnir það, að hann var ekki í heiminn kominn til þess, að hossa pólitísku eða kyrkjulegu ófrelsi og syngja því slefulega gælusöngva. Því hann hræddist hvorki guði né menn.

Svona byrjar hann eitt langt og mergjað kvæði til föðurlandsins:

“Art thou indeed among these,  
Thou of the tyrannous crew,  
The kingdoms fed upon blood,  
A queen from of old of the seas,  
England - art thou of them too  
That drink of the poisonous flood,  
That hide under poisonous trees?”

Swinburne var mikill föðurlandsvinur, og segir því líka óspart til syndanna.

En svona vildi hann að lífið væri:

“Brotherhood of good,  
Equal laws and rights  
Freedom, whose sweet food  
Feed the multitude  
All their days and nights.”

Hann var hrifinn um eitt skeið af frelsi og framför Ameríku og virtist munurinn mikill, er hann hafði til samanburðar nýja heiminn og gömlu löndin. Því farast honum svona orð í löngu og kröftugu kvæði til Walt. Whitmans:

“Round your people and over them  
Light like raiment is drawn.”

En um gömlu löndin segir hann í næsta erindi :

“Chains are here and prison,  
Kings and subjects and shame;  
If the God upon you be arisen  
How should our songs be the same?”

Trúmaður í almennum skilningi var hann ekki, því þessu trúði hann :

“A creed is a rod,  
And a crown is of night;  
But this thing is God,  
To be man with thy might  
To grow straight in the strength of thy spirit and  
live out thy life as the light.”

Mörg af kvæðum hans eru ádeila á kyrkjukeningana, eins og hún er víðast. Aðeins eitt erindi úr einu þeirra :

“And mouldering now and hoar with moss  
Between us and the sunlight swings  
The phantom of a Christless cross  
Shadowing the sheltered heads of kings,  
And making with its moving shade  
The souls of harmless men afraid.”

Hann hefir ort mesta fjölda af ástakvæðum, og þykir sum-  
tum vandlæturum þau nokkuð þunnklædd, ýmislegt afhjúpað,  
sem hefði átt að vera hulið, og aftur sumt eitur og ólyfjan skrytt  
fegursta pelli og purpura.

Það hefir enga þýðingu, að fjölyrða hér um ljóð þessa mik-  
ilháfa skálds, því það yrði aldrei ófullkomið hrafl. Þeir, sem  
vildu kynnast ritum Swinburns, geta fengið sumt af þeim til  
lesturs í bókaflöðu bæjarins.

Eina sögu skrifaði hann á seinni árum, er hann nefndi  
*Krossgötur karleikans*. Hitt alt, sem eftir hann liggur, eru  
ljóð, leikir og ritgerðir um skáldskap og ýmsa höfunda fyr og  
síðar.

Eg þykist vita, að bækur hans sjáist ekki á skólunum hérna  
þar sem þeir standa undir verndarvæng kyrknanna.

All einkennileg kvað jarðarförin hafa verið, þegar skáldið  
var greftrað, og lýsa þær aðfarir ósvífní og ofríki.

Swinburne hafði svo fyrir lagt, að ekki skyldi yfir líki sínu flutt nein rétrúnaðarráða, né kyrkjuleg athöfn viðhöfð við útförina, og ætluðu vinir hans að framfylgja því. En samt var fenginn prestur, sem lofaði vinum hins látna, að alt skyldi vera eins og þeir ákváðu. En þegar að gröfinni kom, kvaðst hann ekki geta gert eins og til var ætlast, og hóf svo ræðu sína. Urðu menn þá forviða og kom ókyrð á fólkið, sem viðstatt var, og fór það að reyna til að kæfa orð klerksins með ópum: Skömm, smán, svívirðing! En eftir nokkra stund komst á kyrð. Þetta tiltæki prestrins mæltist illa fyrir, þó hann síðast í ræðunni færi að kúga sig til að hæla skáldinu. Það vissu víst allir viðstaddir að það var gert bara fyrir siðasakir og ekki af heilum hug.

En þarna var það, sem ofríkið þurfti að stinga út höfðinu. Og þarna var það, sem ragnænniskan sá sér óhætt, að reiða til höggs í hefndarskyni fyrir prestastéttina.

Við dauða Swinburnes hefir England misst sitt síðasta stórskáld, því þó Kipling sé oft orðheppinn og snjall, þá er hann þó ekki talinn með stóru spámönnunum.

*Kr. St.*



## LEIÐRÉTTING.

Herra ritstj. Heimis!

Í 9. tölubl. Heimis, undir fyrirsögninni „Smámunasemi“, minnst þér á almanak það, er eg gef út, og gefið þér í skyn, að meir en lítil hlutdrægni eigi sér stað gagnvart Unitörum í skrásetning helztu viðburða og mannaláta, sem árlega birtast þar, og berið þá hlutdrægni að þeim manni, sem er jafn saklaus og þér hvað það snertir, að hafa á nokkurn hátt haft með það að gera að taka saman eða líta yfir svo mikið sem prófsörk af þeirri skrá, áður hún er prentuð í almanakinu.

Fyrst af öllu vil eg því taka það fram, að séra Friðrik J.

Bergmann hefir aldrei haft nein afskipti af því, sem í almanakinu hefir staðið, nema því einu, sem nafn hans hefir staðið við sem höfundar.

Í öðru lagi mótmæli eg því, að nokkur trúarbragðalína hafi verið dregin við upptekning mannaláta eða viðburða í almanakinu undanfarin ár. Eg hefi vanalegast tekið þau úr blöðunum, jafnóðum og þau hafa þar birt. Nema fyrir árið 1907 varð eg á eftir með það verk vegna annríkis, og fékk til þess mann um haustið að fara í gegn um blöðin, sem var hér á lausum kili, og hafði honum annaðhvort yfirsést með það, eða öllu fremur glatað handriti af nokkrum mannalátum, sem staðið höfðu í Heimskringlu það ár. Frá því sagði eg yður í jan. 1908 og gat um, að eg mundi taka þau upp í næstu útg. almanaksins (1909), eins og eg gerði. Það hefi eg haft að reglu að gera, þegar eg hefi komist að því að orðið hafa úti einhver mannalát. Annars er oft svo frá mannalátum gengið í blöðunum, að bæði vantar dánardægur og heimili þess látna og nafnið stundum enskt, og mér ekki hægt að fá neinar upplýsingar frekar, og hefi þá stundum slept þeim alveg.

Að mér hafi yfirsést með að geta um stöku viðburði er satt, t. d. um unglínga, sem útskrifast hafa af æðri skólum, eins og Þorv. heit. Þorvaldsson, sem þér minnst á. Stundum hefir þess hvergi verið getið, og eg ekkert um það vitað. Það hefir átt sér stað um ungmenni suður í Bandaríkjum oftar en einu sinni. Að Þorbergur Þorvaldsson er í almanakinu nefndur Þorvaldur, er af misgáningi en eigi af illum hvötum. Séra Friðrik gat um hann sama vorið og Þorb. útskrifaðist með loflegri grein ásamt mynd af honum í blaði sínu Breiðabl. Þegar að því er gætt, er sú aðdróttun yðar til séra Friðr., um að hann hafi haft nafn Þorb. rangt í almanakinu til að villa fyrir, eins og þér gefið í skyn, — varhugaverð.

Hvað landnámssögubættina snertir, þá hefir í þeim öllum orðið úti nöfn landnema að meira eða minna leyti. Aldrei hefir, svo eg viti til, nokkur saga fjölmennra mannhópa verið skráð á þann hátt, að nafn hvers einasta manns hafi verið tilgreint. Það yrði skrifin mannkynssaga t. d. með því móti. Og ekki getur

mér hugkvæmst, að nokkur verði heldur til þess, að rita landnáms sögu Vestur-Íslendinga á þann hátt. En ef einhver vill, má hann reyna. Það var heldur aldrei ætlun mín, að nákvæmlega skráð landnáms saga birtist í þessum smáþáttum, sem prentaðir hafa verið í almanakinu. Til þess skoiti mig fé, til að kosta slíkt verk svo fullkomið. Heldur að það yrði sem byrjun til safns, sem svo væri hægra að auka við smám saman. Höfundar þessara þátta hafa oftast haft örstuttan tíma til að vinna verkið. Og þeir, sem vilja hugleiða það með sanngiðni, hvesu erfitt það mundi, að skrásetja nöfn allra landnema. Þá t. d. í Nýja Íslandi og Norður Dakota frá því fyrsta, hljóta að sannfærast um, að það þurfi eigi að vera blandið neinni hlutdrægni, þó ekki sé allir taldir í þáttunum, því margir höfðu flutt burt úr þessum héruðum og margir dáið fyrir löngu, þegar þættirnir voru teknir saman. Sú eina skrá yfir nöfn landnema, sem eg veit um, eru þær yfir nöfn þeirra manna, sem iunritaðir hafa verið í söfnuði þá, sem myndaðir hafa verið í hinum ýmsu nýlendum að fornu og nýju.

Að endingu þakka eg yður herra ritstj. fyrir þær upplýsingar, sem þér hafið gefið mér oftar en einu sinni, hvað snertir helztu viðburði meðal Ísl. hér, og ekki hefir verið minnst hér í blöðunum.

Winnipeg, 20. maí 1909.

*Ólafur S. Thorgeirsson.*



## TÍMAMÓT.

(ABSENT)




OFTH er orðið þrungið af frjálsum skoðunum. Íslenzkur hugsunarháttur er að þroskast, þroskast upp og fram til æðri menningar. Það gerir ekkert, hvað hver um sig þykist vera eða hvaða nafn hann gefur lífsskoðun sinni. Einkenni lífsskoðana hans liggja utan á hon-

um. Hann getur ekki dulið sinn innri mann. Hvern mann er hægt að lesa í gegn. Sumir menn kalla sig frjálslynda, en eru það ekki og bera þess engin einkenni. Aðrir neita að þeir séu frjálslyndir, en eru það þó. Sumir, og þeir ekki svo fáir, misbjóða sínu eigin máli með því að nefna vissa hluti öðru nafni en því rétta. Sumir jafnvel ganga svo langt að halda því fram, að nafnið meini ekkert, einu megi gilda, hvað sérhvað sé kallað. En það er röng skoðun. Sérhver hlutur eða hugmynd hefir sitt heiti og hefir öðlast það nafn á jafn náttúrlegan hátt og hvert annað eðliseinkenni sitt. Fáir myndu láta sér detta í hug, að nefna steininn brauð eða vatnið vín. Eins er með hugmyndir. Þrenning er alt annað hugtak en eining. Eins er þrenningartrú annað en eindartrú, Lútherstrú annað en Unitaratrú, kraftaverkatrú annað en náttúruþekking, innblásturstrú annað en hærri krítik, biblíubókstafstrú annað en framþróunarvísindin, hjátrú annað en heimspeki.

Það gerir samt sem áður minna til nú orðið, hvað hver um sig þykist vera, af því nú er menningin komin svo hátt, að hver þekkest á hans innra eðli, á því hvar hann heldur sig, hvað hann segir, gerir og hvernig hann lítur út. Frjálslyndið er sálarfræðileg einkunn, sem er að þróast í íslenzku eðli dag af degi. Og það er að verða svo stór einkunn í íslenzku þjóðlífi, að það er að sprengja af sér gömlu gjarðirnar. Í seinni tíð hefir þetta frjálslyndi, hvað trúmálin snertir, verið nefnt Unitaratrú. Sumir þekkja ekki þessi einkenni á fræðimannlegan hátt, enda þó þeir sjálfir beri þau, aðrir neita að þeir hafi þau, og forðast því þann félagsskap, þó einkennin þekkest á þeim. Þeim mönnum farnast líkt og mannum, sem reyndi að flýja skuggann sinn.

En nú eru tímamót. Bráðum kemur sá tími, að menn viðurkenna almennt allar frjálsar skoðanir undir sínum réttu nöfnum. Íslendingum vex óðum siðferðislegt þor og þrek. Þessi óhreiskenilnis alda, sem rís hæst, veltur hjá, og þá hreinkast til. Botngjörðin fer bráðum að springa af afturhaldskeraldinu.





## LAUN GUDHRÆDSLUNNAR.

Saga eftir

SOPHUS SCHANDORPH.



[Framhald].

## IV.

Pétur Jakob Pétursson óð í gegn um krapasnjóinn út Kniplingsbrú. Stórar klessur og kekkir slettust á hægri kinnina á honum, bráðnuðu og runnu ofan undir þykka ullarhálsklútinn hans. Stóri harði vísi-fingurinn hans átti í hörðum bardaga við þá, hann var hálfkreptur á sífeldu iði á milli háls og trefils.

O-jæja! Loksins var hann kominn til kirkjunnar. Það var notalegt og hlýtt inni í henni. Hann leitaði uppi þægilega krókbekkin sinn. Sálmasöngurinn var rétt að byrja. Eins og hver annar reyndur kirkjumaður komst hann fljótt á sálminn og söng með á sína vísu, það er að segja, rak af og til upp rokuhljóð fram um nefið, líkt og í gömlum hljóðpípuræfli, en í hverju millibili í milli þess að hann rak út þessar háu andaktar rokur, umlaði hann lágt út í milli iðandi varanna.

Guðræknismerki hans undir ræðunni voru í nákvæmu samræmi við hann, er hann lét ásjá undir söngljóða þætti guðsþjónustunnar. Hann smá hrökk upp, krosslagði hendurnar og hneigði höfuðið,

andvarpaði og féll svo aftur og aftur í dá, og suðuðu þá orð prestsins eins og hæglátur lækjarniðar fyrir eyrum hans. Heili gamla Péturs starfaði öldungis óafvitandi. Hin stöðuga kirkjunga tvisvar og þrisvar á hverjum sunnudegi og helgum degi gjöfði það að verkum, að hann var hættur að taka þátt í guðsþjónustunni öðru vísi en í hálfgjörðu meðvitundarleysi. Þegar ræðan var á enda, og presturinn fór að blessa, stóð hann upp úr sæti sínu eins óafvitandi, eins og hann hefði snýtt sér eða klórað sér í höfðinu.

Það skal viðurkent, að hlutaðeigandi ræðumaður var enginn atkvæðamaður í snjóllum framburði. Það hafði P. J. Pétursson stundum sagt við sjálfan sig, en hann var nú búinn að ganga í svo mörg ár á hverjum sunnudegi í sömu kirkjunni, að hann gat ekki fengið af sér að breyta vana sínum, og honum var farið að þykja vænt um krókinn í stólnum hjá stólp-anum, þar var hann eins og heima hjá sér, hann var svo notalegur. Hann sat í kirkjunni þangað til síðasti tónninn af niðurlagssöngnum dó út.

Gamli Pétur hefði helzt viljað lengja guðsþjónustuna. Hú, ha! Nú varð hann að fara út í bannsett óveðrið. . . . . Nei, þetta blessað veður!

Að jafnaði var hann vanur að fara heim í milli hámessu og aftansöngs. En nú var svo voða leiðinlegt heima — þessi veikindi lögdust þungt á Pétur Pétursson. Herra trúr! Ekkjuma lama Pétursson hafði þó á sínum tíma lagt talsvert í félagsbúið. Og þó hún væri jafnvel ekki eins veik, og eftirlætisgöðin hennar, hún Pálína, stóð fast á,—þá var hún samt ekki frísk, því hóstinn í henni hafði oft raskað svefnró hans um nætur, þegar hann svaf í legubekknunum inni í dagverustofunni. Að því leyti var það reyndar gott, að skr. . . . . stelpan hafði svo að segja rekið hann úr rúminu hans í svefnherberginu. — — Það var svívirðilegt . . . . . það vissi guð, að það var, . . . . . því börnin eiga ekki, þvert á móti öllum guðs boðum að setja sig upp á móti foreldrum sínum — — en guð snýr öllu til góðs — — hann mundi þó hafa orðið fyrir margfalt meira ónæði af hóstarum í veslings elsku konunni sinni, ef hann hefði haldið áfram að sofa í rúminu við hliðina á henni. . . . . Æ, skinnið, það var áreiðanlega vondur hósti.

Vegna fjarlægðarinnar frá heimilinu og guðræknis-undiröldunnar úr kirkjunni, varð Pétur Jakob Pétursson sorgbitinn og

bljúgur í huga er hann hugsaði um konu sína.

— Hú (grét hann). . . . . hún hefir sannarlega verið ráðvönd kona. — Já, eirkum þó meðan hún hafði veitingahúsið á Fornastig. — Æ, far! það í log. . . . skr. . . . , æ. æ.

Hann hafði rekið hníuna á hægri bendinni af afli í hliðgrindurnar á Hólus-brúnni.

— Það eru líka regluleg fjandans óbræsi þessar nýtizku-brýr, nöldraði hann, — svona líka hvassar raðir! Mennt geta skaðmeitt sig á þeim.

Nei, nú vildi hann ekki fara heim. Engan veginu. Því þá mundi gremjan yfir himilshagunum gjöreyða fyrir honum guðrækninni.

Kæni hann ekki heim, — ja, þá myndu þær hita upp matinn hans, og það yrðu þær að gjöra í svefnherbergisofninum; því ofninn í dagverustofunni. . . . . hí, hí, hí! Það yrði þá að minsta kosti reyktur matur!

Nei, hann kaunaðist við veitingastað í Víngarðsstræti, þar sem hann gat fengið þrjár brauðsneiðar með gæsafloti og ágætis saltkjöti, fyrir 20 auro. . . . Þangað gat hann vel gengið á stuttum tíma. Herra trúr, það var þó sunnudagur! Og endrarnær fór hann aldrei á veitingastaði. Guð gat varla reiðst honum þó að hann, gamalmennið, sóaði einu sinni 20 aurum handa sjálfum sér.

Jafave! Þótt Pétur teygði tímamann á gistihúsinu og læsi morgunblaðið af "Berlingi", og "Auglýsinga-blaðið" frá upphafi til enda með álíka skilningi á efninu og á síðustu messugjörðinni, þá var þó eftir enn all-langur tími til aftansöngs.

Snjóbleytnhríðin var farin að vaxa. Sór, ógeðsleg, blaut og hvít kvikindi byrgðu útsýnið. Rakinn og kuldan frá strætinu smugu í gegn um ilskó og ullarsokka — hvegi var hjálpar von. Heim vildi hann ekki fara, nei, nei. Hann fékk ómótstæðilegan viðbjóð á heimili sínu.

— Eg vildi nú samt, að eg yrði ekki veikur. Það var ef til vill vitlaust, að eg sneri ofnokkuni svo fast fyrir. Æ, dálítill hlýindi hefðu þó komið sér vel fyrir gamla skrokkinn á mér. Æ, mér er svo kalt, svo kalt! Eg held að mér hlýni aldrei framár. Æ, æ!

Hann hristist í hnjáliðunum, og snjórinn klestist fyrir augun á honum.

Hann stritaðist áfram, allt hvað gömlu fæturnir hans toguðu. Það var ekki um annað að tala en að ganga sér til hita þangað til aftansöngur byrjaði í einhverri kirkjunni. Og Pétur gamli hélt áfram lengra og lengra.

Það lagðist eitthvað í hann, sem hann var hálfhræddur við.

Samvizkan gat það ekki verið... . . . því hún var góð. . . . . Hvað var það þá?

Lífsstörfin í líkama hans voru

öll í góðu lagi. Matarlystin var ágæt, maginn stáll-raustur. Hann ræksti sig hátt, faust heldur sem ekkert mundi vera að brjóstinu.

— Það er náttúrulega gremja yfir kvensniptunum þarna heima. Ó, að stelpa vildi nú fara til kirkju og biðja fyrir honum gamla föður sínum og móður sinni dauðveikri.

Enn á ný stríð við snjókrapið! Það klestist í langa hnakka hástrýið á honum, í gráu kafloðnu augnabruvunum og rann svo úr þeim og augnavængjunum niður um kinnarnar. Verst af öllu var þó að þessi óþverri eyðilegði öldungis kragann hans, sem hann hafði sett upp tábreyran þá um morguninn. Pétur Jakob Pétursson hafði hálsinn að eins á sunnudögum, og gat svo brúkað sama kragann samfleytt í þrjá sunnudaga. Hann var svo að segja orðinn fokvondur við drottinn fyrir að skapa þetta veður, sem gjörði svona gys að sparsemi hans.

Hana nú, nú rofaði dálítið til í hriðinni. Gamli Pétur leit í kring um sig.

Hvað var nú þetta?

Hann var orðinn viltur. . . . Og það líka í Kaupmannahöfn, heimaþorginni hans. Það var svivirðilegt, en svo hafði hún nú byggt út síðan hann seldi síðustu húsalóðina sína við cystri "Ástarstíginn". Þetta hlaut að vera einn gamli Ástastigurinn! En þetta vatn var ekki "Mörtjörnin" — það hlaut að vera — ja, hvaða tjörn var nú þetta? Herra trúr. . . . .

það var..... jú, þarna var Mör-tjörnin, Strákatjörnin og Vatns-leiðslutjörnin — hvað hét hún nú réttu nafni? — Eftir þessu hlaut Pétur að hafa vilst vestur á við án þess að hafa tekið eftir því. Hvern-ig var líka hægt að rata í slíku veðri, einkum þegar um svona margt sorglegt og alvarlegt var að hugsa? Já, þetta var “Vatns-leiðslutjörnin”. —

Það fór hryllingur um Pétur þegar hann varð þess var, að hann var aleinn þarna uppi á há-merkja-hryggnum, og sá glætuleg strætis-ljósín með rosabug í kring um log-ann á aðra hlið, en biksvarta og lá-dauða tjörnina fyrir framan sig, og svo alt í einu þessir kynlegu hrævareldar hingað og þangað. Lífsmörk eigi ósvipuð ekkastun-um.

— En að menn skuli líka rápa svona eins og bjánar. — Hvað.... hann heyrði þunglamalegt þramm í snjónum. Það var enn þá óynd-islegra en grafkyrðin. Því Pétur mundi þá eftir að hann hafði lesið í blöðum á veitingahúsinu um ráns aðför. Skyldi það ekki hafa verið einmitt á þessum stað?

Hann sá mann rétt hjá sér. Hjartað barðist ótt og títt í hou-um.

— Gott kvöld! var sagt. Yndis-legt veður til þess að skemta sér úti í.

Jæja, það var þá einn þessi glað-sinna Kaupmannahafnarbúi. Sean uppgjafa kryddmangarasveinn heyrði hann strax á rómلاغinu, að

þessi náungi hafði ekkert ilt í huga.

— Fyrirgefið..... eg er orð-inn viltur.... En þetta er víst....

— Svínshryggurinn, herra minn! Þessi ófétis grís á samskonar fé-laga fyrir andbýling hinum megin við tjörnina.

— Er ekki einhver nýja kirkjan hér nálægt? spurði Pétur, — því eg.....

— Sjáum nú til! Jú, herra minn, handan við skurðinn þarna er víst ein þeirra.... En svei mér, ef eg man hvort það er Páls, Matteusar eða Jakobs kirkja. En eg á leið vfir í Danmerkur götu, svo eg get leiðbeint herranum yfir á hinn þakkann.

Þetta varð. En þar var engin kirkja sýnileg.

— Eg hélt endilega, að hér væri kirkja, sagði ókendi maðurinn. — Já, það var alveg satt! Hérna er ein í hakhýsi. Það kvað vera ein hin allra nýjasta.

Á prentuðu blaði við innganginn stóð: *Gudsþjónusta á öðru lofti boka til.*

— Góða nótt, herra minn, þessi þarna uppi kvað vera reglulegur ágætis prestur. Að svo mæltu yfir-gaf náuneyinn Pétur gamla.

Þetta leit nú ekki sem allra bezt út. En Pétur J. Pétursson hafði lengi haft það sterklega í huga, að sækja einhverja aðra kirkju en sóknarkirkjuna. Það gat vel átt sér stað, að þessir prestar, sem ekki voru af þessari vanalegu teg-und, væri á ýmsa vegu betri; því

Það gat farið eins og fór fyrir læknum þans hérna á árunum, er ekki gat læknað fingurmeinið á honum, en launséður náungi úti á Norðurbrú gjörði hann stálfrískan með umvafi úr tugðu rúgbraudi, ársögmla hunangi og hráka fastandi manns.

Þetta var langur, rislagur salur. Þrjú skrautlaus gasljós — að eins langar þverstangir úr málmi með krök á endanum — skutu loga kvíslunum í allar áttir, mjóum og þunnum eins og kattartungum, og vellandi hita ofan yfir höfuð tilheyrendanna.

Tvær bekkjaraðir voru í salnum og að eins mjör gangur eftir miðju. Þar voru á að gízka full fimtíu manns. Pétur gat ekki vel gjört sér grein fyrir hvaða fólk þarna var saman komið. Skrill var það ekki, því hinar skjólgóðu þykku yfirhafnir karla og kvenna bentu fremur til að það væri ráðsett alþýðufólk. Flestallir karlmennirnir voru sköllóttir. Hattar kvennanna voru þunglamalegir og andlitin braunaleg. Alt benti til þess, að söfnuðurinn væri fólk, hnigið að aldri.

Pétur gamli gat ekki sætt sig við bakstuðningsleysið, sem sameiginlegt var við alla svona staði; að öðru leyti var salurinn fremur snotur. Málið á veggjunum var eins sæmilegt eins og hann hefði tekið eftir á nokkru húsinu, er hann hafði átt sjálfur. Dyrnar voru ekki eikarmálaðar og var það alveg eftir hans höfði, því þessur

eikarmálarar voru svivirðilega lýrir á sér og kýldu öl í stað þess að vinna.

Hann settist á einu aftasta bekkinn, sem andur var, fast inn að vegg. Því einhverju varð hann þó helzt að halla sér upp að.... en vergímíð muddaðist af, það var það versta. Yfirhöfnin hans var reyndar ekki ný, þetta var sjöunda árið hans í henni, en yfirhafnir eru dýr löt, og fataburstinum litur fötunum. Revnanði var að leggja vasaklút í milli veggjar og ormar. Nei, þvottur kostar líka peninga.

Gamli Pétur getur enn þá reiknað sér til, hvað hlutirnir kosta, sagði hann við sjálfan sig með ánægjubrosi. Hinir.... já, Pétur gamli getur svo sem setið án þess að halla sér upp að, þegar það á að ske guði til dýrðar.

Ög hann varð enn þá ánægðari með sjálfan sig — já, nærri táföldi yfir veglyndi sínu við drottinn.

Gamañ maður settist við hlís hans. Honum fanst hann þekkja hann.

— He-e, sagði Pétur. Þetta er vist.....

— Já, svo sannarlega, sagði sá, sem ávarpaður var, og er ekki þetta Pétur Pédursson?

— Jú-ú!

— Jæja, eg er nú ekki kertasteyptari lengur, því hver svo sem brúkar kertalíós nú orðið? Komumaður hvæsti í áttina til gasljósanna.

Nú rankaði Pétur við honum.

Það var Krúsberg gamli kertasteypari frá gömlu Austurbrú. Já, svei, .... kertasteypuhúsið í .... Hann var hundheppinn með lóðina sína, selki hana í smápörtum fyrir of fjár.

— Nú falla bæjarlöndin í verði, Pédur minn!

— Já, það gjöra þau vissulega.

— Okkur báðum hefir drottinn verið góður.

— Já, grezku-ríkur . . . einkum við þig, Krúsberg, því þú áttir lóðirnar sjálfur, en eg varð að hafa mínar.

— Sérhver maður má vera þakklátur fyrir sitt hlutskifti.

— Já, þú mátt djarft um tala, Krúsberg. Þú ert orðinn sterkmaður maður.

— Nei, það er eg nú ekki. En eg er úmílega þakklátur fyrir, að guð hefir gefið mér nóg til þess að þurfa ekki að stríða og stríða í ellinni; en í þess stað get eg heint huga mínum og þrá til efri heimanna.

Krúsberg kertasteypari henti upp í loftið með ullarvetlingsvisingrinum, en gætti þess vandlega að henda langt til hliðar við gashjósín.

— Kemur þú hingað að jafnaði Krúsberg?

— Á hverjum eilífasta sumrudegi.

— Er þetta eitthvað svipað "innra trúboði"?

— Það er míklu strangara en það.

— Það er þeim nátulegt.

— Þú átt víst við heiminn í heildinni, Pédur.

— Hvað heitir þetta annars, sem þessi herra er með?

— Það man eg ekki. En gjörir það nokkuð til?

— Nei, reyndar ekki. Því þegar . . . . .

— Uss, Pédur.

Nú var farið að leika á stofuorgan, sem Pétur hafði ekki tekið eftir fyrir, og söfnudurinn söng sölu. Pétur kannaðist ekkert við hann gat ekki fundið hann í sinni leikabók og þorði ekki að spyrja Krúsberg, fyrverandi kertasteypir, því hann var sokkinn á kaf í guðsdýrkun og suðaði með hunangsflugubassa einhver óskiljanleg orð.

Söngurinn hljómaði eins og drungaleg suða undir hinu lága lofti, og var líkast því að hálfkæfðar grátstunur brytust í gegur um hann. Vasaklútar kvenfólksins voru í stöðugu annríki. Greinileg andvörp og stunur heyrðast um allan salinn. Tárin runnu í straum niður eftir kinnunum á Krúsberg kertasteypi.

Pétur J. Pétursson gaut hálfseimnislegu hornauga til hans. Það var þó furðanlegt, að þessi kertadólgur skyldi vera orðinn svona háheilagur.

En hvort sem Pétur varð snortinn af þessari fyrirmynd, eða hann áleit ósæmilegt fyrir sig að gráta ekki, úr því að Krúsberg grét, — þá er það eitt víst, að Pétur gamli var líka farinn að gráta áður en

sálmurina var á enda, og meðan næsti sálmur var sunginn var hann kominn á bezta lag með gráti og andvörpum.

Prélikarinn kom því næst upp að ræðustólnum, sem hulinn var lyfræðu linklæði. Hann var fremur ungur maður, ákaflega kinnheimahár, með svart alskegg, lítið eitt hærður, breiðnefjapur, augun stór, draumkend og fljótandi. Hann var litill vexti, grannur og álíka í klæðaburði og tíðkast hjá prestum, að eins hafði hann óbreytt hálslin í stað hins venjulega presta-kraga.

Pétur gamli hefði heldur ákosið að sjá hann með presta-kraga. En þá mundi hann eftir því, að kona nokkur, sem bjó í sama húsi og hann á Fornastíg á yngri árum hans, og strauk hálslin manna, hafði sagt honum, að presta-kragar væri vandaverk, og þar af leiðandi kostaði mikið að þvo þá og strjúka. Og sparsemina hafði Pétur alt af í óskertum heiðri.

Pétur hafði að vanda búið sig undir sína "kyrlátu guðsdyrkun", og fór alt eins og hann átti von á meðan guðspjallið var lesið upp. Hann var líka búinn að lesa það einu sinni áður í dag. En þá var nú líka friðnum slitið.

Því rödd þrjúlíkarans varð skyndilega hvell og skjálfandi, eins ólík venjulegum prédikunar-rómi eins daglegu málfæri eða blíðmælum. Framburðurinn var með rokem og brestum, rómurinn lá afarhátt, stundum óskrandi. Hin

framskagandi kinubein urðu rauðgljáandi, augu hans lýstu eins og glóðarhnettir, varirnar titruðu og hann krepti skjálfandi hnefana framán í áheyrendurna:

— Haldið þér, að drottinn vor vilji tækna einhvern sjúklinginn yðar nú, eins og hann læknaði dóttur hundraðshöfðingjans? Haldið þér það? Eg fullvissa yður um, að hann vill það ekki. — Þessi hundraðshöfðingi var trúður. Það segist þér einnig vera. En það er lýgi, óendanleg lýgi; svo sannarlega sem drottinn Jesús Kristur er guðs son. — Erud þér brennandi í andanum? Ó, að eg gæti leitt yður í örvæntingu, nístandi sálarangist, svo að þér vörpudud yður í duptið, engdust sundur og saman eins og ánamakkur, sem troðinn hefir verið undir fótum, emjuðuð eins og börn undan vöðastóru, logandi brunasári! — Hugsum oss að þér eigið sjúklinga heima hjá yður. Hugsið þér ekki um að græða fé eða liggja á mættumum áður en þér minnst hinna veiku? Og hinir fátæku og sjúkvar eru alstaðar í kring um heimili yðar; um þá hugsið þér aldrei. Og drottinn skipar þó að þér skulið allra síðast hugsa um sjálfa yður. Helvítis eldur skal brenna þá, sem fyrst hugsa um sjálfa sig. Djöfullinn skal vefja sig, eins og tíu hundruð þúsund álna langur höggurinn utan um yður og kyrkja yður — ekki til dauðs, heldur svo að þér þinist af hinum ógurlegu kvölum um alla eilífð. — Guð einn

— Já, hvort nokkur getur orðið kristinn, ef hann ekki er veikur, veikur til síðasta dauðadægurs. Samanlega segi eg yður, góð heilsa er synd; því meðan þér eruð hraustir, lifið þér í fýsni holdsins og fýsni augnanna; þegar þér eruð sjúkir, sjúkir alt til dauðans, þá brotnar broddur fýsnanna. — Þess vegna er að þér hamingjusöni, þér gamalmenni, hvers höfd breunir dag frá degi smámsaman utar af yðar heimur. Fleygið yður fram á ásjónur yðar og þakkið drotni fyrir eynsl yðar og volæði. Biðjið hann af einlægju hjarta að slá yður kylum eins og Job og sárnum eins og Lazarus. Gledjist, ef hundar vildu sjeikja kýli yðar og sár. — Ef sjúklingar eru heima hjá yður, þá flýtið yður heim til þeirra. Annist þá! Heiðrið þá, því drottinn hefir blessað þá. Biðjið drottinn að flytja þeirra sótt yfir á yður. Dragið að yður hinn eitraða an'ardrátt þeirra, svo að þér einnig verðið krankir, þá fyrst réttir drottinn hönd sína út á móti yður. Þýr til smýrsí af hráka sínum og

sandi jarðarinnar, ryður smýrslium á yður og læknar yður. — Þér skulað, þér verðið að vera veikir, eins og eg. Eg hræki blóði daglega og lofa drottinn fyrir það. Síðan eg sýktist, finn eg náð, náð drottins verka í mér. — Bölvadur er sérhver yðar, sem ekki krýpur frammi fyrir yðar veikur eiginkonu eða barni sem þeim, er fingur drottins vors og guðs hefir áhrært. —

Alt í einu heyrðist skelfingar-óp. — Þarna hefi eg hæft einn; ó, að drottinn vildi einnig hæfa hann.

— Hvað er að, Pédur? hvíslaðí Krúsberg. Ertu orðinn lasinn?

— Lofaðu mér út, lofaðu mér út! stamaði Pétur.

— Ekki dugir það.

— Jú, jú, . . . sakir okkar gamla kunningsskapar.

— Jæja, þú ert nú svo hraustur, en mér er sama, því eg er aldrei nokkra stund frí við ólukku magaveikina.

Níður og í næsta blaði.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirframt.

ETGJEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa bladsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.